

Grunnskóli Önundarfjarðar og Leikskólinn Grænigarður

Leik-og grunnskólinn á Flateyri

Ársskýrsla skólaárið 2020-2021



Kristbjörg Sunna Reynisdóttir

júlí 2021

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skýrsla um skólahald	3
Starfsmarkmið Grunnskóla Önundarfjarðar	11
Mat á hvernig tókst að vinna með starfsmarkmiðin:	12
Stefnur og áætlanir	13
Starfsmarkmið leikskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau	14
Skipting nemenda	15
Starfsmenn og stöðugildi	16
Forföll starfsfólks	17
Forföll nemenda	17
Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag	18
Samstarf skólanna	20
Sjálfsmat	20
Fjárhagsáætlun	25
Framkvæmdir	25
Aðkeypt þjónusta	26

Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf leik- og grunnskólans á Flateyri skólaárið 2020– 2021. Þar sem einn skólastjóri hefur verið yfir báðum skólunum frá árinu 2012 er orðin hefð fyrir að sameiginleg skýrsla sé gerð.

Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum sem settar voru. Í skýrslunni eru ítarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni. Farið er yfir starfsmannamál, fjölda og stöðugildi. Upplýsingar um forföll nemenda og starfsfólks koma ekki fram í skýrslunni vegna fámennis. Niðurstöður samræmdra prófa eru birtar að því marki sem hægt er vegna fámennis. Einnig inniheldur skýrslan greinargerð um sjálfsmat skólanna og upplýsingar um kennslustundaúthlutun.

Grunnskólinn stendur í norðvestur hluta þorpsins og eru rúmir 700 fermetrar á tveimur hæðum. Húsið var tekið í notkun árið 1961. Þar örskammt frá er íþróttahús með sundlaug og fyrir utan skólann er leikvöllur, körfuboltavöllur og sparkvöllur. Skólahald hófst á Flateyri árið 1903 á Grundarstíg 14 og voru 25 nemendur í skólanum fyrsta skólaárið 1903-1904. Árgangar voru þá fjórir og var þeim kennt í tveimur hópum. Á þessum tíma bjuggu um 200 manns á Flateyri. Í upphafi skólaárs 2020-2021 voru 13 nemendur í skólanum, 2 í fyrsta bekk, 2 í öðrum bekk, 2 í fjórða bekk, 2 í fimmta bekk, 2 í sjötta bekk, 1 í níunda bekk og 2 í tíunda bekk. Kennt var í tveimur hópum til að byrja með, 1.-4. bekk og 5.-10. bekk en fljótlega var ákveðið að aðskilja mið og unglingastig meira en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi.

Leikskólinn Grænigarður hóf starfsemi sína í desember 1996. Skólinn var reistur fyrir gjafafé frá færeysku þjóðinni sem hún safnaði eftir að snjóflóð féll á Flateyri í október 1995, en þar eyðilagðist meðal annars leikskólinn Brynjubær sem hafði hýst starf leikskólans áður. Grænigarður er 400 fm. Þjálfahús með rými fyrir 42 börn í heilsdagsvistun. Nemendur leikskólans voru 12 í upphafi skólaárs og 14 við lok þess. Efri hæð leikskólahússins er nýtt sem félagsmiðstöð fyrir unglingana á staðnum en lítil starfsemi

var þar þetta skólaárið. Fjöldahjálparstöð Rauðakross Íslands var flutt úr grunnskólahúsnæðinu yfir á efri hæð leikskólans í vetur vegna breytinga á rýmingarsvæðum vegna ofanflóða.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir, skólastjóri

Skýrsla um skólahald

Þetta skólaár er þriðja árið sem undirrituð stýrir leik- og grunnskólunum á Flateyri. Litlar breytingar voru á starfmannahaldi grunnskólans þetta skólaár en einn nýr kennari kom inn í 92,3% starfshlutfall í stað annars. Fjórir starfsmenn komu nýir inn í leikskólann í lengri eða skemmri tíma auk tveggja sem komu inn í afleysingar. Vegna takmarkana af völdum covid-19 komu tímabil þar sem stjórnandi fór ekki á milli stofnana heldur var í sambandi við leikskólann í gegnum síma og internet. Af þessum sökum varð ýmislegt að bíða framkvæmdar. Skólastjóri fór þess á leit við fræðslunefnd að endurskoðað yrði það fyrirkomulag að einn skólastjóri stýri báðum skólunum og varð niðurstaðan sú að auglýst var eftir leikskólastjóra og tekur hann til starfa í ágúst 2021.

Grunnskólinn var settur á sal klukkan 10 að morgni 24. ágúst. Að skólasetningu lokinni hófust fundir umsjónarkennara og einstaklingsviðtöl þar sem nemendur og foreldrar hittu umsjónarkennara og fóru yfir markmið komandi skólaárs.

Leikskólinn opnaði 4. ágúst að loknu 4 vikna sumarleyfi. Frá klukkan 8:00-9:00 var starfsmannafundur og húsgögnum stillt upp eftir bónvinnu innanhúss í lokuninni. Opnað var fyrir nemendur klukkan 9:00.

Á haustdögum fóru nemendur grunnskólans ásamt starfsfólki í gönguferðir, þau yngri út í skóg en eldri nemendur gengu frá Botnsheiðar afleggjara niður að gangnamunna í Breiðadal. Veðrið lék ekki við okkur þennan daginn en við fórum nú samt sem áður og gekk allt vel.

Í september fengum ið heimsókn frá Páli Halldóri sem ferðast um með veltibílinn. Allir nemendur og einhverjir starfsmenn prófuðu og fannst upplifunin merkileg og dálítið spennandi og fundu fyrir því hvernig beltin bjarga. Þennan sama dag fóru svo miðstignemendurnir á Suðureyri til að hitta fulltrúa frá Stofnun Árna Magnússonar sem færðu okkur verkefnið Handritin til barnanna.

Nemendur yngsta stigs unnu verkefni um Öundurarfjörð sem teygði sig einnig upp á mið og unglíngastig sem bættu Vestfjarðarkjálkanum öllum við sitt verkefni. Veggir og gangar skólans báru þessu verkefni glögg merki. Yfirskrift verkefnis yngsta stigs var Flateyrin mín og meðal þess sem nemendurnir gerðu var líkan af Goðahólnum og skrifuðu þeir síðan um hann og prentuð út bækur. Annað verkefni þessu tengt



var að gera líkön af húsum í bænum. Unglingastigið teiknaði Vestfjarðakjálkann upp á vegg og var hann nýttur til ýmissa verkefna á öllum skólastigum. Unglingarnir unnu stórt verkefni þar sem Vestfirðir voru ígrundaðir sem ferðamannaparadís og gerðu nemendur kynningu á því. Þar sem þetta verkefni var samþætt í í samfélagsfræði, íslensku, ensku og dönsku var kynningin flutt á ensku. Miðstigið merkti inn á kortið staðsetningar, bæjarnöfn og fjarðanöfn. Mikilvægt er að nemendur þekki sitt nærumhverfi og er þetta liður í því.

Í október fengum við heimsókn frá Þorgrími Þráinssyni rithöfundu sem átti gott spjall við nemendur á unglingsstigi. Nemendur höfðu einnig hitt hann á Ísafirði og fengu þess vegna að hafa talsverð áhrif á umræðuefnið. Verkefni Þorgríms ber yfirskriftina „Verum ástfangin af lífinu“ en þar leggur hann áherslu á markmiðasetningar, árangur og lífið sjálft og hvetur nemendur til að láta drauma sína rætast með því að bera ábyrgð á eigin lífi, setja sér markmið, hafa trú á sjálfum sér til að ná markmiðunum og skipuleggja sig í samræmi við það.

Þorgrímur fjallar einnig um mikilvægi þess að halda góðu jafnvægi milli einkalífs, atvinnu og tómstunda til þess að þroskast fallega og lifa björtu lífi. Þá hvatti hann nemendur til að sýna samkennd, bera virðingu fyrir öllum og hafa hugrekki til að fylgja hjartanu. Við erum öll einstök og eigum að njóta þess.

Í lok október héldum við Hrekkjavöku með tilheyrandi skreytingum og fjöri. Ævar vísindamaður las upp úr bók sinni, Mín eigin undirdjúp, sama dag en vegna samkomutakmarkana kom hann ekki í eigin persónu heldur í gegnum fjarfundarbúnað.

Við héldum okkar striki og var kaffihúsakvöld haldið þrátt fyrir öðruvísi tíma og samkomutakmarkanir. Valin var sú leið að koma upp sýningu í gluggum skólans. Nemendur unglingsstigs seldu veitingar í anddyri frá kl. 17:00- 18:00 og gátu gestir notið þeirra meðan þeir skoða verk nemenda í gluggum skólabyggingarinnar. Verkin tengdust ýmsu því sem nemendur höfðu verið að fást við. Yngsta stigið



skreytti glugga með húsunum sínum, líkönum af Goðahólnum og ljósmyndasýningu með eigin ljósmyndum en allt þetta tengist þemanu þeirra Flateyrin okkar. Þau voru líka með vísindaglugga. Miðstigið sýndi sjö mínútna

myndband þar sem þau sögðu sögu Lagarfljóstormsins, þau sýndu einnig listaverk af Drangajökli og Dynjanda en þau hafa verið að læra um Vestfjarðakjálkann og Austurland. Þau sýndu einnig stjórnukort sem þau bjuggu til með plötu og ljósaseríu. Unglingastigið vann með ljóð og skreytti gluggana sína með ljóðum og myndum. Einnig sá unglingsstigið um að útbúa allar veitingar og voru þær ekki af verri endanum.

Í svona vinnu reynir á frumkvæði, sköpun og sjálfstæð vinnubrögð og gefst því gott tækifæri til að meta námið út frá lykilhæfnimarkmiðum Aðalnámskrár. Lykilhæfni er almenn hæfni nemanda óháð námssviðum en er aldurstengd og fléttast inn í alla kennslu og námsmat. Allir nemendur lögðu mat á eigið nám. Yngstu nemendurnir fengu þessar þrjár spurningar:

Hvað lærðir þú af því að vinna þetta verkefni?

Hvað var erfiðast?

Hverju ertu stoltastur af?

Þegar svör þeirra eru skoðuð kemur í ljós að oftast eru þau stoltust af því sem þeim þótti erfiðast sem sýnir þó nokkra seiglu.

Miðstig og unglingsstig mátu frumkvæði, sjálfstæði, áhrif, ábyrgð, færni sína í að gagnrýna og að taka leiðsögn og gagnrýni og hversu góður vinnufélagi þau séu. En allt eru það lykilhæfni þættir.

Þó sýningin sjálf og hátíðin í kringum hana sé alltaf skemmtileg er það ferlið sem skiptir mestu máli og sá þroski og reynsla sem skapast á leiðinni að markmiðinu.

Lísa Sigurðardóttir sem er í námi í Íþrótt- og heilsufræði MT kom til liðs við kennarahópinn í nóvember og kenndi sund. Í byrjun desember tókst að gera skautasvell við skólann sem er kærkomin viðbót við hreyfingu og útivist.

Ýmislegt jólatengt var í námi nemenda í desember. Gerðu þeir bækur um jól í mismunandi löndum og síðan fórum við í heimsókn í safnahúsið þar sem við fengum fróðleik um hinar ýmsu hefðir tengdar jólum í öðrum löndum. Mikið af fróðleikum snerist um þær persónur sem líkjast Grýlu okkar og Jólasveinunum á einhvern hátt. Rútuferðin var nýtt til söngæfinga en tónleikar tónlistarskólans voru sama kvöld. Nemendur og starfsmenn skrifuðu jólakort hver til annars. Unglingarnir fóru í fab lab og var afraksturinn þar ýmist jólaskraut og lampar. Starfsmenn brugðu á leik og mættu í kjólum alla daga desembermánaðar og tóku sumir nemendanna einnig þátt þegar leið á mánuðinn.

Litlu jólin voru haldin 18. desember, að einhverju leyti voru þau frábrugðin hefðum sem hafa verið en dagurinn var samt sem áður mjög notalegur. Allir nemendur grunnskólans voru saman, fengu kökur og kakó og spiluðu bingó. Dagurinn endaði svo á gómsætri jólamáltíð. Ekki var farið á leikskólann til að dansa með nemendum þar en við fréttum af jólasveinunum og fóru nokkrir nemendur og hittu þá úti í bæ þrátt

fyrir að vindur blési hressilega. Þeir nemendur sem eru í dægradvöl fóru svo og voru með leikskólanemendum á jólaballinu þeirra. Á leikskólanum var dansað kringum jólatré og jólasveinarnir komu og færðu börnunum mandarínur. Jólaballið var eftir hádegi að þessu sinni svo jólamaturinn á leikskólanum var snæddur áður.

Kennsla hófts að loknu jólafríi 5. janúar. Starfsdagur var 4. janúar. Jólin voru kvödd á þrettándanum með því að grafa upp eldstæðið og kveikja á því lítið bál. Nemendur og starfsmenn höfðu undirbúið litla athöfn þar sem ýmislegt frá árinu 2020 sem þeir vildu brenna að baki var skrifað á miða sem settur var á bálið. Þegar allt frá árinu 2020 var komið á bálið fóru á það miðar með væntingum til ársins 2021 sem fóru þá út í alheiminn.

Miðstig og unglíngastig unnu með Grunnþarfirnar fimm samkvæmt Uppbyggingarstefnunni, Uppeldi til ábyrgðar- uppbygging sjálfsaga. Þessar þarfir eru öryggi, gleði, frelsi, áhrif og að tilheyrja. Allir hafa sterka þörf fyrir öryggi en hinar fjórar eru þau búin að greina og finna hvar þeirra þarfir eru sterkastar. Meðal þess sem þau gerðu var að flokka hugtök tengd þörfunum í jákvæð og neikvæð til að átta sig á að stundum getum við farið út í það að uppfylla þarfirnar okkar á neikvæðan hátt.

Eftir áramótin fengum við í hendurnar nýjar tölvur og varð fyrir valinu að fá chromebook fartölvur fyrir nemendur. Ástæða þess vals okkar er að við teljum fartölvur nýtast betur til samvinnu en borðtölvur og einnig að tölvuvinna verði auðveldari valkostur þegar þú þarft ekki að setjast út við vegg við tölvu.

Nemendur unglíngastigs sem fengu hver sína tölvu til að vinna með og var nýting þeirra mikil. Eitt sett verður svo á miðstiginu sem yngsta stigið hafði einnig aðgang að. Allir nemendur hafa einnig það og eru þeir mikið nýttir við ýmis verkefni.

Í janúar fórum við í heimsókn í Lýðskólann og kynntumst verkefni Björns Steinars vöruhönnuðar sem var að kenna þar. Við fengum mjög mikinn fróðleik um plast og flokkun þess og unnum svo verkefni tengt heimsókninni. Krakkarnir skoðuðu hluti sem Lýðskólanemar hafa verið að gera úr endurunnu plasti og sýndu því mikinn áhuga.

Í febrúar var farið í skíðaferð í Tungudal. Í þeirri ferð kom í ljós ýmis hæfni sem nemendur búa yfir og má þar fyrst nefna seiglu og þrautseigju. Þessa eiginleika reyndi meðal annars á við að ná tókum á því að taka lyftuna á skíðum eða á bretti. Einnig reyndi á þessa hæfni þegar farið var á toppinn og þurfti að finna réttu leiðina niður eða hjálpa þeim sem lentu í erfiðleikum. Það má nefna svo marga aðra styrkleika sem komu fram og nemendur gátu tínt til við upprifjun á ferðinni; þolinmæði, styrk, þol, hjálpsemi og jafnaðargeð svo eitthvað sé nefnt.

Viðtöl nemenda, foreldra og kennara í grunnskólanum fóru fram í annarri viku febrúar. Þar var staðan tekin með áherslur á framhaldið að leiðarljósi. Miðvikudagurinn 17. febrúar, Öskudagur, var starfsdagur.

Var hann nýttur í ýmis verkefni í skólahúsnæðinu og meðal annars farið yfir áætlanir og línur skerptar í því hvernig við höldum áfram veginn með áherslur á lykilhæfni og aukna þátttöku nemenda í mati og áherslum í sínu eigin námi. Fimmtudagurinn 18. og föstudagurinn 19. febrúar verða vetrarfrísdagar. Nemendum unglíngastígs er vanalega boðið á öll böll sem haldin eru af 10. bekk á Ísafirði. Þetta skólaárið urðu böllin mun færri en í venjulegu árferði vegna samkomubanns. Komust nemendur á Rósaball í mars og lokaball í júní.

Dagur leikskólans er þann 6. febrúar og kom hann upp á laugardegi þetta árið. Vegna aðstæðna gátum við ekki boðið aðstandendum í heimsókn þetta árið en nemendur gerðu samvinnulistaverk um leikskólann sinn sem hengd voru í fataklefan svo að foreldrar gátu séð.

Árlega er 112 dagurinn haldinn 11. febrúar (11.2). Mark-mið dagsins er að kynna neyðar-númerið 112 og starf-semi aðilanna sem tengjast því, efla vitund fólks um mikil-vægi þessarar starf-semi og hvernig hún nýtist al-menningi. Í tilefni af deginum fengu nemendur Leikskólans Grænagarðs og Grunnskóla Öfundarfjarðar heimsókn frá björgunarsveit og slökkviliði úr heimabyggð. Börn grunnskólans og eldri börn leikskólans fengu svo að heimsækja nýtt björgunarsveitarhús Björgunarsveitarinnar Sæbjargar og slökkvistöðina og skoða þar meiri tækjabúnað og fræðast um starfið. Þess má einnig geta að 112 dagurinn þetta árið var helgaður öryggi og velferð barna og ungmenna og fengu allir foreldrar póst frá skólahjúkrunarfræðingi með nánari upplýsingum þar um.

Árshátíð grunnskólans var á dagskrá fimmtudaginn 25. mars.

Nemendur unglíngastígs skrifuðu leikrit um Mjallhvíti og dvergana sjö og skoðuðu það með gagnrýnum augum og skrifuðu síðan handrit. Í aðdraganda árshátíðar var Steinunn Ása kennaranemi hjá okkur og meðal þess sem hún gerði var að styðja unglíngana í þessari vinnu ásamt öðrum kennurum. Allir dagar hófust á leiklistaræfingum þar sem Steinunn Ása stjórnaði æfingum sem reyna á hlustun, rýmisgreind, einbeitingu, líkamsbeitingu, samvinnu, traust og framkomu. Einnig lærðu krakkarnir að vinna út frá spuna, í byrjun því sem kallað er frostspuni og síðan að búa til sinn karakter út frá búningi og að lokum að lesa handrit og setja síðan upp spunabátt sem byggir á handritinu. Öll þessi forvinna nýttit vel við æfingar fyrir árshátíðina. Það leit allt



vel út og búið var að skipuleggja árshátíðina í Samkomuhúsinu miðað við þær takamarkanir sem voru í gildi vegna covid 19. En því miður breyttist allt daginn áður en árshátíðin átti að vera og allar samkomur og skólahald var óheimilt frá og með miðnætti. Þá var tekin ákvörðun sem gekk upp þar sem allir voru jákvæðir fyrir því að ná að klára dæmið. Árshátíðin var tekin upp um kvöldið og hafðist það að allir fóru heim þreyttir en ánægðir um klukkan 23. Linkur á sýninguna var svo sendur heim til foreldra með tölvupósti þegar búið var að klippa verkið til. Páskafrí nemenda hófst svo í framhaldinu tveimur dögum fyrir en til stóð.

Uppbrotisdagar eru reglulega á leikskólanum og má þar nefna „sýndu og segðu frá“ en þá komu börnin með einn hlut að heiman, stigu í pontu og sögðu frá. Á hjóladegi komu börnin á hjólunum sínum og bæði þau og kennarar æfðu sig á ýmsum hjólaþrautum. Í leikskólanum voru einnig haldnir litadagar, til dæmis gulur, bleikur og blár dagur. Þá klæddust börn og starfsfólk fatnaði í þemalit dagsins og gera oft listaverk í þeim lit. Á öskudaginn mættu nemendur í búningum og kötturinn var sleginn úr tunnunni. Einnig gengu öll börn leikskólans í heimahús og fyrirtæki bæjarins og sungu fyrir glaðning. Páskaeggjaleit og fjölskyldudagur þar sem foreldrum og systkinum er boðið að taka þátt í páskaeggjaleit með nemendum átti að vera haldinn síðasta miðvikudag fyrir páska en vegna samkomutakmarkana var páskaeggjaleitin eingöngu fyrir börnin að þessu sinni.



Í maí var námið í grunnskólanum að mestu leyti fært út fyrir kennslustofuna. Fyrirtæki og stofnanir í bænum voru heimsótt. Nemendur fóru á sjóinn, bæði á kajak og reru til fiskjar, þegar til baka var komið var aflinn flakaður og krufinn. Við fórum í heimsókn í Vestfisk Flateyri og fræddumst um framleiðslu á gæludýrafóðri úr hliðarafurðum. Við fórum í heimsókn í fiskeldið í Dýrafirði og fræddumst um starfseminna sem þar fer fram. Við fórum í heimsókn í vatnspróna sem er fyrir ofan bæinn og fræddumst um hvaðan við fáum vatnið í húsin okkar. Í framhaldi af því vaknaði spurning nemenda um hvaðan heita vatnið kæmi og var þá farið í Orkubúið og fengin fræðsla um það. Þó margt sé upptalið hér



náðum ekki að heimsækja öll fyrirtækin sem til stóð á þessu skólaári en munum halda heimsóknum áfram í haust.

Þá daga sem skólahópur leikskólans var í grunnskólanum tók hann þátt í því sem verið var að fást við.



Unglingarnir nýttu síðustu vikur skólaársins í að vinna að skólablaði sem kom út í vor og inniheldur mikið efni um skólastarfið. Þeir fóru í viku ferðalag um landið ásamt nemendum sem útskrifuðust síðasta vor.

Sýning á verkum nemenda Grænagarðs fór fram í leikskólanum á opnu húsi nemenda 4. júní en þann dag var einnig útskrift fimm ára nemenda og boðið upp á kaffi og útskriftarköku.

Sýning á verkum nemenda grunnskólans var samhliða skólaslitum. Stillt var upp sýnishornum af því sem nemendur hafa verið að fást við og samvinnuverkefni héngu uppi á veggjum. Lokaverkefni unglingastigsins þetta árið var skólablað og lá það einnig frammi til sýnis.

Sameiginleg vorferð nemenda grunnskólans var vegleg þetta árið en farinn var hringur um Vestfirði. Ferðin hóst á því að fara í gegnum göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og var fossinn Dynjandi skoðaður. Um hádegið var komið á Rauðasand og þar var borðaður hádegismatur, leikið í fótbolta og farið í skoðunarferð að flæðarmálinu. Seinna um daginn skoðuðum við Látrabjarg. Gist var á Hnjóti í Örlygshöfn og flugmynjar þar skoðaðar. Daginn eftir var ekið heim á leið og þorpinn Patreksfjörður og Bíldudalur skoðuð og heilsað upp á ömmur sem þar búa. Allir fengu ís í blíðunni á Bílduda. Farið var í sund í Reykjafirði og snæddur hádegisverður og síðan haldið heim. Þetta var frábær námsferð í alla staði.



Skólarnir eru með heimasíðuna

<http://gron.isafjordur.is> og eru þar settar inn fréttir og viðburðir tilkynntir. Foreldrafélagið er með lokaðan hóp á facebook þar sem hægt er að deila fréttum af heimasíðunni og hefur það gefist vel. Upplýsingakerfið mentor er notað fyrir samskipti heimilis og skóla í grunnskólanum en upplýsingakerfið Karella

er notað fyrir samskiptin milli heimilis og skóla í leikskólanum og eru reglulega settar inn

myndir sem foreldrar geta skoðað. Foreldrar grunnskólabarna fá senda linka á google myndasöfn.

Í stjórn Foreldrafélagsins eru: Jón Magnússon, Eyvindur Atli Ásvaldsson og Steinunn G. Einarsdóttir. Dagný Arnalds sem hefur verið í stjórn undanfarin ár fluttist burt. Foreldrafélagið er með hóp á facebook þar sem samskipti fara fram og upplýsingum frá skóla er miðlað. Mikilvægt er að funda með foreldrafélaginu strax í upphafi næsta skólaárs en formleg fundarhöld voru ekki þetta skólaárið.



Í nemendaráði sátu allir nemendur unglíngastígs. Fundir voru ekki haldnir reglulega þetta skólaár. Næsta skólaár koma nemendur úr 5. 6. og 7. bekk inn í nemendaráðið og verða þá reglubundnir fundir skipulagðir. Betra er að hafa fundartíman lengri og færri.

Eitt sameiginlegt skólaráð hefur starfað fyrir bæði leik og grunnskóla en það var gert til reynslu og þarft að skoða hvort það fyrirkomulag á að vera áfram. Í skólaráði eru Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólustjóri, Sigurður Jóhann Hafberg og Joanna Majewska fulltrúar kennara, Svanborg Gróa Hinriksdóttir fulltrúi starfsfólks, Steinunn G Einarsdóttir og Ívar Kristjánsson fulltrúar foreldra, Guðmundur Björgvinsson fulltrúi grenndarsamfélagsins og Svandís Rós Ívarsdóttir fulltrúi nemenda. Skólaráð fundaði ekki með hefðbundnum hætti á skólaárinu en fóru samskipti fram með tölvupósti vegna skólanámskrár, skóladagatala og annarra málefna sem vert þótti að ræða við skólaráð.

Skólarnir fá hádegisverð sem útbúinn er í Gunnukaffi fimm daga vikunnar. Starfsmenn leikskólans sjá um að sækja matinn fyrir Grænagarð og skila kassa að matartíma loknum. Venjan er sú að nemendur grunnskólans gangi í Gunnukaffi og borði matinn þar en vegna aðstæðna af völdum covid 19 var maturinn sóttur og borðaður í grunnskólanum. Stefnt er á að taka upp fyrra fyrirkomulag næsta haust. Starfsfólk leikskólans sá um að útbúa morgunverð og síðdegishressingu fyrir börnin. Mikilvægt er að fylgjast vel með hvað er í boði hverju sinni og brydda upp á nýjungum. Leikskólinn stefnir í áttina að heilsueflandi leikskóla og helstu breytingar sem voru gerðar á þessu skólaári er að meira er bakað af brauði á staðnum og neysla hrökkbrauðs var aukin. Einnig hefur verið tekinn upp sá siður að hafa ávaxtavæslu í stað poppkorns á afmælisdögum leikskólabarna vegna ábendingar um um hættu af poppkorni fyrir ung börn.

Boðið var upp á ávaxtaáskrift í grunnskólanum og mælist það afar vel fyrir og voru margir nemendur í ávaxtaáskrift. Það að bjóða upp á hafragraut í frímínútum á morgnana hefur mælist vel fyrir og hefur fest sig í sessi.

Starfsmarkmið Grunnskóla Öfundarfjarðar

Að efla áhuga og leikni í:

- Lestri (lesfimi og lesskilningi).

Með því að hafa bækur sýnilegar og nemendur velja bækur eftir áhuga annars vegar og leikni hins vegar. Kennari hjálpar til með val á bókum. Bókakostur skólans er stöðugt bættur. Lestur er bæði til skemmtunar og þjálfunar. Með mínútulestri þjálfast nemendur í sjónrænum lestri, þar sem nemendur læra að þekkja orðin hratt og fyrirhafnarlaust.

Lesskilningurinn er meðal annars þjálfður með því að vinna með safarík orð sem nemendur finna sjálfir. Safarík orð geta til dæmis verið orð sem þykja áhugaverð, skrítn orð, hljómfögur orð, ný orð, orð sem geta haft fleiri en eina merkingu, samsett orð og fleira. Lesskilningur er líka þjálfður þannig að nemendur þurfa að segja frá því sem þeir voru að lesa.

Með því að tengja það sem þeir lesa við það sem þeir þekkja, tengja við eigin reynsluheim. Í lestrinum eiga nemendur að geta séð fyrir sér það sem er að gerast í sögunni.

Með því að skrifa um bækurnar sem lesnar voru, þurftu þeir að skilja það sem þeir lásu.

- Stærðfræði

Mikið hlutbundin vinna, sérstaklega á yngsta stigi. Tengja stærðfræði við daglegt líf og umhverfið. Nota hvert tækifæri til að tengja hana inn í umræðu. Útinám, spil og leikir nýttir í kennslu.

Hraðreikningur, margföldun, samlagning og frádráttur.

Námið er einstaklingsmiðað, nemendur vinna á sínum hraða og ef nemandi þarf að þjálf leikni í einhverjum þætti þá fær hann tækifæri til þess.

Tölvuforrit, upplýsingatækni, Rasmus, myndbönd, skólavefurinn til að þjálf einstök atriði og til að auka fjölbreytni.

Hugtakavinna í stærðfræði.

- Hreyfingu

Hvetja til útileikja. Útinám, tengja nám við leik og hreyfingu. Ýmsir hreyfileikir, hlaupaleikir. Haustganga, skautar, dans. Ganga í mötuneytið í hádeginu. Útíþróttir á vorin og haustin. Kajak. Göngutúrar um eyrina. Skíðaferð.

- Ábyrgð á eigin námi

Markmiðatengt nám. Nemendur vissu hver markmið með náminu voru. Markmiðin voru sýnileg og nemendur vissu alltaf að hvaða markmiði var verið að vinna. Fjölbreyttar leiðir að sama markmiði. Nemendur setja sér einnig sín eigin markmið.

Að stuðla að vellíðan nemenda.

Vera með verkefni við hæfi. Vera jákvæður og hvetjandi. Sýna hverjum nemanda að hann skiptir máli. Mæta nemandanum þar sem hann er staddur. Gera kröfur við hæfi hvers og eins. Fjölbreyttir kennsluhættir. Útinám, hreyfing. Áhugamiðað nám, unnið með þeim að þeirra hugmyndum.

Mat á hvernig tókst að vinna með starfsmarkmiðin:

Vel tókst til hjá öllum kennurum í lestri, stærðfræði og hreyfingu. Allir unnu að því að fylgjast með líðan nemenda. Eitt lykilatriði að góðum námsárangri er góð líðan.

Það sem má bæta:

Markmiðin hefðu mátt vera sýnilegri á mið- og unglingastig. Hugsanlega mætti auka enn meira áherslu á að vinna með lesskilning.

Nemendur taka þátt í Skólapúlsinum tvisvar sinnum á ári. Eitt af starfsmarkmiðunum skólans að auka vellíðan barnanna í skólanum, hefur þessi þáttur aðeins verið uppávið undanfarið. Ýmislegt er gert til að stuðla að betri líðan nemenda. Má þar nefna bekkjarfundi og lífsleiknitíma sem nýttir hafa verið til að efla nemendur. Við höfum fengið utanaðkomandi heimsóknir í þessum tilgangi, Þorgrímur Þráinsson í október og Magnús Stefánsson í gegnum netið í vor. Hélt hann fundi bæði fyrir nemendur og foreldra.

Námsráðgjafi kemur til okkar aðra hverja viku og er til taks fyrir þá sem þurfa á að halda, sér um ákveðna fræðslu og ræðir við nemendur og gerir meðal annars tengslakannanir með þeim. Einnig eiga nemendur greiðan aðgang að skólahjúkrunarfræðingi sem kemur reglulega. Greiðlega hefur einnig gengið að fá þjónustu sérfræðinga ef þess hefur þurft með. Fjölbreyttar kennsluaðferðir hafa það einnig að markmiði að koma til móts við ólíka einstaklinga svo allir geti fundið sína styrkleika. Er þessi vinna metin reglulega m.a. með Skólapúlsinum. Í skólapúlsinum frá skólaárinu 2020-21 kemur fram að vellíðan er ennþá talsvert undir landsmeðaltali þó hún sé á uppleið. Einelti mælist samsvarandi landsmeðaltali en hefur verið yfir því árin á undan. Samsömun við nemendahópinn er yfir meðaltali og er það breyting frá því sem verið hefur. Tengsl nemenda við kennara hafa örlítið minnkað en eru nálægt landsmeðaltali. Agi í tímum og virk þátttaka nemenda eru talsvert yfir landsmeðaltali. Þrátt fyrir að flestir þættir sýni þróun í

rétta átt verðum við að halda ótrauð áfram og sofna ekki á verðinum. Ekki var gerð foreldrakönnun með skólalúpsinum þetta skólaár. Þess má geta að skólalúpsinn er eingöngu lagður fyrir 6. bekk og uppúr og er hópurinn því ekki fjölmennur.

Stefnur og áætlanir

Ísafjarðarbær ákvað að fara í öflugt átak í upplýsingatæknikennslu fyrir nokkrum árum síðan sem hófst á því að kennarar voru þjálfaðir. Notkun spjaldtölva hefur aukist jafnt og þétt í skólanum hjá okkur. Í vor fengum við svo nýjar nemendatölvur og var Chromebook fyrir valinu. Bæði tölvur og Ipadar eru mikið notuð við námið.

Einnig var haft að markmiði að halda áfram með það starf sem unnið hefur verið í sameiginlegu átaksverkefni skólanna í Ísafjarðarbæ Stillum saman strengi sem beinist að því að ná sem bestum árangri í lestri og stærðfræði. Unnið var með lestur og stærðfræði með fjölbreyttum hætti og á yngra stiginu var mikið unnið hlutbundið og verklega. Lestrarátök voru einnig tekin. Unnið er eftir lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar. Allt starf skólans er metið með gæðagreinum Hversu góður er grunnskólinn okkar. Skólanámskrár beggja skólanna eru á heimasíðu skólanna. Þær eru endurskoðaðar reglulega. Starfsáætlun grunnskólans er skilað 15. september ár hvert og ný útgáfa birt á heimasíðu skólanna. Starfsmenn og skólaráð kom að endurskoðun. Leitað verður eftir aðkomu alls skólasamfélagsins við áframhaldandi vinnu við skólanámskrána og starfsáætlun og aðkoma nemenda aukin.

Mikill samhugur er í starfsfólki grunnskólans og mikill vilji til að hlúa sem best að skólastarfinu. Mikil umræða um námsmarkmið og hæfniviðmið átti sér stað meðal starfsmanna á síðasta vetri og förum við inn í næsta vetur með fullt af hugmyndum um hvernig við getum náð sem bestum árangri. Mikil áhersla var lögð á að ná tökum á að nota Mentor sem er kerfi til að halda utan um kennsluáætlanir og verkefni og meta þar jafnóðum hæfni og námsmarkmið nemenda og auðvelda þannig vinnu við mat við annarlok og lokamat. Erum við almennt komin vel á veg með notkun á mentor og höfum unnið með lotur í og tengt hæfniviðmið og verkefni við þær. Með þessu móti á vinna við að meta hæfniviðmið að verða auðveld og nemendur eiga að geta fylgst með og unnið að markmiðunum. Í mentor er einnig haldið utan um mætingu nemenda. Það sem við þurfum að leggja áherslu á í þessu sambandi næsta skólaár er að passa upp á að allt sé sýnilegt nemendum og foreldrum svo þeir geti auðveldlega fylgjast með framvindu námsins svo vinna við hæfniviðmiðin verði markvissari. Eitt af markmiðum okkar að bættum námsárangri er að nemendur séu upplýsitir um kröfurnar sem eru gerðar til þeirra. Við höfum verið að bæta okkur í

upplýsingaflæði til nemenda en alltaf má gera betur. Næsta skólaár hefjum við innleiðingu Leiðsagnarnáms ásamt hinum skólunum á norðanverðum Vestfjörðum.

Fjölbreyttir kennsluhættir og verkleg vinna hefur sett svip á skólahaldið síðustu vetur og eru slík vinnubrögð búin að festa sig í sessi í Grunnskóla Öfundarfjarðar.

Starfsmarkmið leikskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau

- ✓ Leggja áherslu á vellíðan barna og gleði og byggja á styrkleika þeirra og hæfni
- ✓ Efla málþroska, auka málskilning og orðaforða
- ✓ Að efla sjálfstæði (sjálfstæði í daglegum athöfnum)
- ✓ Að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi (íþróttatími í íþróttahúsinu, útivera á hverjum degi)
- ✓ Vekja áhuga á sjálfinu, öðrum og umhverfinu
- ✓ Læra um líkama sinn og nánasta umhverfi.

Vel gekk að vinna að starfsmarkmiðum leikskólans. Unnið er að vellíðan allra með jákvæðni og góðum samskiptum við börnin og foreldrana. Hlustað er á börnin og rætt um tilfinningar. Börnin eru hvött til að finna lausnir í aðstæðum sínum.

Í málörvun er mikið unnið með Hljóðasmiðju Lubba þar sem hljóð bókstafanna eru kynnt fyrir börnunum og sungnir eru söngvar sem tengjast hljóðunum. Það er lesið fyrir börnin og sungið og með söngvunum eru notuð tákn eða myndir. Í þemahópatímum var unnið með málörvun í gegn um bækur, spil og spjall.

Daglega fara börnin út á leikvöllinn og eflist þá hreyfing þeirra, suma daga er útivist tvisvar yfir daginn og þá sérstaklega þegar veðrið er gott. Í þemahópatímum fara öll börnin einu sinni í viku í hreyfistund inni þar sem farið er í hreyfileiki, grófhreyfingar æfðar, hreyfisöngvar sungnir og jóga iðkað með kennara. Einnig fer hver hópur einu sinni í viku í útivist í þemahópatímum þar sem farið er í vettvangsferðir eða leiki utandyra. Kennarar setja líka upp þrautabrautir sem reyna á jafnvægi og fleira. Stundum er farið á ærslabelginn og farið er í vettvangsferðir t.d. í fjöruna þar sem leitað er að skeljum, spjallað um fiska, fugla og umhverfið.

Unnið er með sjálfstæði með því að leggja áherslu á að börnin klæði sig sjálf og noti salerni. Eldri börnin skammta sér sjálf mat og hella sjálf í glös. Vegna Covid 19 þurftu kennarar þó að skammta fyrir börnin tímabundið og unnið var svo aftur að því síðustu mánuðina að þau gerðu þetta sjálf.

Börnin eru hvött til vináttu og að vera góð hvert við annað. Sungin eru lög um vináttu og unnið með vináttu í gegnum teikningar. Vináttuverkefnið Blær er komið í gang hjá eldri börnunum og hafa kennarar sótt námskeið. Unnið verður að því að koma því einnig af stað hjá yngri börnunum næsta haust.

Um líkamann læra nemendur í hópatímum, í gegnum söngva, bækur og að skoða sig sjálf í spegli og teikna sjálfsmyndir.

Skipting nemenda

Í upphafi skólaárs voru nemendur grunnskólans, 13, 8 stúlkur og 5 drengir. Samkennsla var í 1.-4. bekk en þar voru 6 nemendur, 2 í fyrsta bekk, 2 í 2. bekk, 2 í 4. bekk. Einnig var samkennsla í 5. - 10. bekk en tveir nemendur voru í 5. bekk, 2 í 6. bekk, einn í 9. bekk og tveir í 10. bekki. Þrátt fyrir samkennslu þessara árganga var oftast hægt að skipta þeim þannig að miðstigið var saman og unglिंगastig saman. Fjórir tvítyngdir nemendur voru við skólann. Engir nemendur voru í 3. 7. og 8. bekk. Einn nemandi flutti í burtu og luku því 12 nemendur skólaárinu við Grunnskóla Öfundarfjarðar. Auk þess stundaði einn nemandi tímabundið nám við 3. bekk í skólanum í vetur og þrír nemendur voru við nám í eina til tvær vikur vegna starfa foreldra sinna við Lýðskólann á Flateyri.

Þegar leikskólinn opnaði í ágúst stunduðu 12 börn nám í honum. Fjöldinn hélst nokkuð stöðugur yfir árið en eitt barn fór í fyrsta bekk grunnskólans og annað barn hætti í leikskólanum snemma skólaárs. Eitt barn hóf aðlögun í lok ágúst, annað í september og tvö önnur hófu aðlögun í október. Sá hræðilegi atburður átti sér stað í janúar að eitt barn leikskólans lést í bílslysi. Annað barn hætti svo í leikskólanum í apríl. Eitt barn bættist við í júní. Því voru 14 börn við leikskólann þegar kom að sumarlokun. Flest börnin eru í heilsdagsvistun. Þegar skólaárið hófst áttu 4 af 12 börnum annað móðurmál en íslensku en þau eru pólska og spænska. Í enda skólaársins eru 5 af 14 börnum tvítyngd og bættist franska við sem móðurmál. Börnin eru á aldrinum 12 mánaða til 5 ára. Eitt barn útskrifast úr leikskólanum þetta vor og byrjar grunnskólagöngu í haust.

Aðeins tvö börn úr 1.-4. bekk voru í dægradvöl þennan vetur og var því brugðið á það ráð að sameina hana leikskólastarfinu. Þetta þarf samt að endurskoða næsta haust til að koma til móts við börn frá 1.- 4. bekk en þau elstu verða leið á að fara inn á leikskólann.

Flestir nemenda beggja skóla búa á Flateyri. Tveir nemendur grunnskólans koma úr Öfundarfirðinum og sjá foreldrar um skólaakstur þeirra. Það er fjölgun í árgöngum á leikskólanum og frá fyrsta bekk og

niður vantar nú engan árgang inní svo með sama áframhaldi má sjá fram á fjölgun í grunnskólanum sé horft til framtíðar þó næsta skólaár stefni í að verði mjög fámennt í grunnskólanum.

Starfsmenn og stöðugildi

Í grunnskólanum voru fastir kennarar, leiðbeinendur, stundakennarar ásamt skólastjóra í leik- og grunnskólanum 6.

Tveir grunnskólakennarar voru í 100% stöðu, einn grunnskólakennari var í 92,3% stöðu. Einn stundakennari kenndi 3 tíma á viku og einn kenndi sund í lotu. Skólaliði var í 62,5% starfi og var jafnframt starfsmaður dægradvalar í 37,5% starfi.

Leikskólinn hefur verið fullmannaður þetta skólaár. Deildarstjóri sem er þroskaþjálfari er í 100% starfi, tveir kennarar með leyfisbréf eru í 100% starfi og tveir starfsmenn í leikskóla eru einnig í 100% starfi. Einn þeirra sem hóf árið fór í fæðingarorlof og kom annar starfsmaður í leikskóla í staðinn. Deildarstjórinn lét af störfum í maí og var ráðinn starfsmaður leikskóla í 100% stöðu í staðinn. Ekki fékkst deildarstjóri í stað þess sem hætti í maí en breytingar verða eftir sumarfrí og leikskólastjóri mun taka til starfa. Einn starfsmaður var ráðinn í 100% starf í júní og auk þess voru þrír starfsmenn vinnuskóla í leikskólanum í júní. Tímabundið voru þrjú sett inn í dagskipulag starfsmanna leikskólans og skiptust á milli þeirra. Fram til 1. júní voru tveir starfsmenn í afleysingum og komu inn eftir þörfum.

Starfsmenn:

Ágústa Guðmundsdóttir afleysingar í leik- og grunnskólanum.

Erla Sigrún Einarsdóttir umsjónarkennari í 92,3% starfi.

Evelyn Calderon starfsmaður í leikskóla í 100% starfi frá febrúar 2021.

Glódís Guðgeirsdóttir. Starfsmaður leikskóla í 100% starfi frá 31. maí 2021.

Helena Hrund Jónsdóttir skólahjúkrunarfræðingur.

Hrafnhildur Anna Hannesdóttir starfsmaður leikskóla í 100% starfi frá maí 2021.

Joanna Majewska leikskólakennari í 100% starfi.

Jóhanna Maggý Kristjánsdóttir deildarstjóri Grænarar í 100% starfi fram til maí 2021. .

Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir umsjónarkennari í 100% starfi.

Jónína H. Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi í 7% starfshlutfalli.

Katarzyna Filochowska starfsmaður í leikskóla í 100% starfi.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri leik- og grunnskóla í 100% starfi.

Lisa Clare Hays leikskólakennari í 100% starfi.

Lísa Sigurðardóttir, stundakennari.

Sigurður Jóhann Hafberg grunnskólakennari í 100% starfi.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir danskennsla og fablab, 11% staða.

Steinunn Ása Sigurðardóttir, afleysing í leikskóla.

Svanbjörg Gróa Hinriksdóttir 62,5% skólaliði og 37,5% starfsmaður dægradvalar.

Forföll starfsfólks

Stöðugleiki hefur náðst í starfsmannahaldið á leikskólanum þó mikið sé um tímabundnar ráðningar vegna árlegra auglýsinga eftir leikskólakennurum. Í grunnskólanum kom inn einn nýr grunnskólakennari í annars stað í 92,3 % starf. Lítið hefur verið um skammtíma leyfisbeiðnir starfsfólks í leik- og grunnskóla og alltaf verið hægt að verða við þeim óskum sem komið hafa. Lítil röskun varð á skólahaldi vegna veðurs þetta skólaárið utan þess að val á Ísafirði féll einu sinni niður vegna ófærðar og var þá einn starfsmaður einnig fjarverandi af sömu orsökum.

Grunnskólakennarar hafa unnið upp í þær kennslustundir sem þeir hafa þurft leyfi frá. Það sem út af hefur staðið og ekki verið hægt að leysa þannig hefur verið greitt með yfirvinnu. Vinnustytting í formi launaðs leyfis er á leikskólanum. Fyrir 100% starf fást þrjár stundir í vinnustyttingu. Verið er að leita leiða til að ná fjórðu stundinni inn en það er stefna Ísafjarðarbæjar að allir starfsmenn fái fjórar stundir í vinnustyttingu.

Upplýsingar um veikindi starfsmanna eru viðkvæmar persónuupplýsingar og í fámenni verða þær rekjanlegar og því ekki settar inn í þessa skýrslu en þær eru til skráðar í viðverukerfi Ísafjarðarbæjar og verður minnisblað sent sviðsstjóra.

Forföll nemenda

Engar lokanir voru í skólanum þennan veturinn vegna veðurs eða ófærðar. Vegna hertra samkomutakmarkana af völdum covid 19 fór grunnskólinn í páskafrí tveimur dögum fyrr en áætlað hafði verið. Leikskólar voru opnir á þeim tíma. Vegna fámennis og rekjanleika verða nánari upplýsingar um ástundun nemenda ekki birtar í þessari skýrslu en þær eru til skráðar í kerfi skólans og verður minnisblað sent sviðsstjóra.

Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag

Starfstími grunnskóla er 36 vikur eða 180 nemendadagar þ.e. kennslu- og prófdagar nemenda og viðtalsdagar. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma skóla eru fimm. Starfsdagar utan skólatíma eru átta, fimm í upphafi skólaárs í ágúst og þrjár í maí/júní og er það samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands. Á skólaárinu 2020-2021 fékk grunnskólinn úthlutað 79 stundum til að sinna bekkjarkennslu, sérkennslu, nýbúakennslu og skipti tímum. Úthlutunin miðast við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá.

Grunnskólinn var opnaður kl. 07:55 á morgnana og hófst kennsla kl. 8:15. Allri kennslu var lokið í skólanum um kl. 15:20, misjafnt eftir aldri nemenda. Kennslutilhögun var þannig að skólaárið myndar eina heild án annaskiptingar. Námsmat fer fram jafnt og þétt en fundir með umsjónarkennurum voru í upphafi skólaárs, í október og í febrúar. Hæfnikort nemenda voru sýnileg foreldrum fyrir viðtal í október og síðan uppfærð. Nemendum í 1.-4. bekk var kennt 30 kennslustundir. á viku, nemendum í 5.-6. bekk 35 kennslustundir og 9. og 10. bekk 37 kennslustundir. Inni í kennslustundafjölda unglínganna eru valnámskeið sem kennd eru á Ísafirði. Auk þess að fara í valið á Ísafirði var unglíngunum boðið upp á að vera einn skóladag í viku í Grunnskóla Ísafjarðar og völdu það tveir af þremur nemendum.

Vetrarfrí Grunnskólans voru 16. og 19. október og 18. og 19. febrúar. Viðtalsdagar í grunnskólanum voru 24. ágúst, 15. október og 11. febrúar. Foreldrar voru þá boðaðir sérstaklega til viðtals við umsjónarkennara ásamt nemandanum.

Foreldraviðtöl á leikskólanum voru dagsett 8. -10. mars. Hópstjórar hittu þá foreldra og var deildarstjóri með í þeim samtölum sem þess var óskað.

Valgreinar á unglíngastigi voru kenndar á Ísafirði fyrir og eftir áramót. Meðal þess sem nemendur völdu sér þar voru fornám ökunáms, skólahreysti, ljósmyndun, myndmennt, heimilisfræði, hárgreiðsla, málm og silfursmíði og hönnun og smíðar. Vegna samkomutakmarkana mátti ekki blanda hópum milli skóla um tíma og gátu nemendur þá ekki sótt valið á meðan á því stóð. Unglíngarnir höfðu val um dans eða Fablab hér heima og varð Fablabið fyrir valinu, sumt af því unnið heima og annað í Fablab á Ísafirði.

Tónlistarskólinn var með rúllandi stundaskrá og komu tveir kennarar til okkar sitthvora tvo vikudagana. Allir nemendur yngsta og miðstigs fengu einn tíma í viku í kór. Danskennari kemur til okkar þrjár kennslustundir í viku og kennir dans og Fablab. Námsráðgjafi er í 7% starfi og kemur annan hvern miðvikudag í skólann til okkar. Skólahjúkrunarfræðingur kemur reglulega og er með fræðslu og eftirlit.

Starfstími Grænagarðs var frá 4. ágúst 2020 til 2. júlí 2021 Þá hófst fimm vikna sumarlokun. Starfsdagar á leikskólanum voru þrjú auk eins námskeiðsdags. Starfsmannafundir voru tíu þar sem lokað var í tvo tíma í byrjun dags. Fyrsta dag eftir sumarlokun opnaði leikskólinn klukkan 9:00 og síðasta dag fyrir lokun var lokað kl 15:00.

Leikskólinn opnar klukkan 8:00 á morgnana og lokar klukkan 16:00 alla dag. Leitast er við að hafa jafnvægi á milli mismunandi þátta á milli frjálsra og skipulagðra leikja, inni og úti.

Leikskólinn er einsetinn. Dagskipulag hans er eftirfarandi:

8:00-8:30	Börnin mæta á leikskólann og leika í rólegum leik
8:30-8:45	Morgunstund – <i>Söngur, bókalestur, sögustund eða annað</i>
8:45-9:15	Morgunmatur
9:15-9:45	Hópatími (<i>Hver hópur með sínum hópstjóra</i>)
9:45-10:15	Ávaxtastund/Frjáls leikur
10:30-11:30	Útivera
11:30-12:00	Hádegismatur
12:00-12:30	Hvíld/rólegheit
12:30-13:30	Frjáls leikur/útivera
13:30-14:30	Þemahópatími (<i>Hóparnir rúlla á milli kennara</i>)
14:30-14:45	Söngstund
14:45-15:15	Nónhressing
15:15-16:00	Frjáls leikur/útivera

Samstarf skólanna

Samstarf leikskólans Grænararðs og Grunnskóla Öfundarfjarðar hefur verið að aukast undanfarin ár. Dægradvölin hefur verið starfrækt í grunnskólahúsnæðinu og gekk það fyrirkomulag mjög vel. Vegna aðstæðna síðastliðið skólaár varð þó að sameina dægradvölin leikskólastarfinu. Þetta verður að endurskoða í haust þar sem dægradvölin er ætluð nemendum 1. - 4. bekkjar og erfitt að mæta þörfum þeirra elstu með leikskólastarfinu.

Skólarnir hafa sameinast um leiksýningar fyrir nemendur en í ár voru það Elfar Logi og Einar Mikael sem komu með sýningu sem fór fram á leikskólanum. Vegna aðstæðna var jólaballið ekki sameiginlegt að þessu sinni en verður hugað að því næsta vetur. Á vordögum fóru nemendur leik- og grunnskóla saman í Sólargöngu og borðuðu saman grillmat í lok dags. Möguleikar á enn frekara samstarfi eru miklir en



þarfnast góðs skipulags vegna fjarlægðar á milli húsa. Elstu nemendur leikskólans mættu tvisvar sinnum í viku í grunnskólann og voru þar 2 kennslustundir við nám og borðuðu morgunmat og fóru í frímínútur með nemendum. Þetta hófst sem tilraunaverkefni en gaf góða raun og verður haldið áfram næsta skólaár með svipuðum hætti.

Sjálfsmat

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs þeirra að veita upplýsingar um skólastarf og árangur og tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. (Lög um grunnskóla nr 91, frá 2008) Samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum einnig að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti og gera viðeigandi umbótaáætlanir. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Sjálfsmatið miðast við aðstæður á hverjum stað og er skipulagt af starfsfólki skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólastarfsins. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir

ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið.

Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal matið vera markmiðsbundið, kerfisbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggja á upplýsingum, vera umbótamiðað og opinbert. Til að tryggja að matið sé kerfisbundið gera grunnskólar matsáætlun sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftar á 3-5 ára tímabili. Sumir þættir eru þess eðlis að þeir eru teknir fyrir árlega en aðrir sjaldnar. Innra matið byggir bæði á upplýsingum úr könnunum sem gerðar eru ýmist af skólunum sjálfum eða af aðilum sem Ísafjarðarbær hefur samið við. Árangur nemenda er metinn með vísan í samræmdar mælingar og framfarir.

Upplýsinga fyrir sjálfsmat var aflað með vinnu starfsmanna við gæðagreina, með mati á námsárangri nemenda á samræmdum prófum í 4. og 9. bekk og Lesferlisprófi Menntamálastofnunar. Þá var einnig stuðst við niðurstöður úr Skólapúlsi, en þetta árið var könnunin einungis lögð fyrir nemendur. Einnig er samantekt úr starfsmannasamtölum notuð við matið. Starfsmannakönnun var ekki lögð fyrir þar sem starfsmannahópurinn er fámennur.

Skólaárið 2018-2019 var hafin vinna með Gæðagreina sem byggja á skosku sjálfsmatskerfi How good is our school. Árið 1999 var matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og þá nefnt Gæðagreinar. Uppfærslur hafa verið gerðar á skosku útgáfunni og þær þýddar yfir á íslensku. Núverandi gæðagreinar sem komu út í Skotlandi í september 2015 bera nöfnin Hversu góður er skólinn okkar og Hversu góður er leikskólinn okkar. Leik- og grunnskólar Ísafjarðarbæjar hafa fengið leyfi til að nota þessa gæðagreina og hafa notið leiðsagnar frá starfsfólki Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar við innleiðinguna.

Þetta skólaár var unnið með fjóra gæðagreina í grunnskólanum. Hver gæðagreinir samanstendur af 10-15 spurningum og matsviðmiðum. Þar sem starfsmenn eru mjög fáir við skólanum framkvæmdum við vinnuna þannig að fyrst fékk hver einstaklingur spurningarnar í hendurnar og merkti við sitt mat. Síðan hittist allur hópurinn og bar saman bækur sínar, ræddi og rökstuddi og komst síðan að sameiginlegri niðurstöðu um hverja spurningu fyrir sig. Helstu niðurstöður úr vinnunni með gæðagreinana eru eftrifarandi:

Gæðagreinin 1.1. Umbótamiðaða sjálfsmat, tekið fyrir 8. júní 2021. Styrkleikar eru margir í þessum gæðagreini. Þar sem við metum okkur skora hæst er hversu góðan skilning starfsfólk og forráðamenn

hafa á aðstæðum í nærsamfélaginu sem geta haft áhrif á líf og nám barna og hversu vel starfsfólki tekst að draga úr hindrunum til að tryggja árangur. Helstu veikleikar í þessum þætti eru að vinna úr gögnum og gera mælingar til að sýna fram á að árangur sé eins góður og okkur sýnist hann vera.

Gæðagreinir 1.3. Breytingastjórnun, tekið fyrir 8. júní 2021. Helstu styrkleikar sem við greinum í þessum þætti er hversu vel allt starfsfólk gerir sér grein fyrir styrkleikum skólans og hvar sóknarfæri liggja og hversu vel við sköpum skilyrði til að læra saman og af hvert öðru. Við getum bætt í hvað varðar framtíðarsýn og forgangsröðun umbóta. Tryggt nægan tíma til umbóta og metið og fylgst með gagnsemi símenntunar okkar.

Gæðagreinir 2.4. Einstaklingsmiðun, tekið fyrir 13. apríl 2021. Styrkleikar í þessum þætti eru fólgnir í því að við við fylgjumst vel með hverjum og einum einstaklingi og gerum væntingar til nemenda í öllu skólastarfinu. Við leytumst við að hafa námið sem fjölbreyttast. Veikleikar snúa helst að samstarfi við utanaðkomandi stuðningsaðila sem getur reynst erfitt að fá.

Gæðagreinir 3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar. Þennan þátt máttum við einnig á síðasta skólaári og kom hann þá mjög sterkur út í heildina. Það sama á við ennþá og má nefna sem styrkleika að starfsfólk þekkir hlutverk sitt, tekur mið af lögum og reglum, tryggir öryggi og velferð nemenda. Skólinn hefur skapað árangursríkt námsumhverfi. Engir sérstakir veikleikar koma fram í mati á þessum gæðagreini.

Þær niðurstöður sem hér eru birtar eru meðaltalsniðurstöður hvers matsþáttar byggðar á einkunnagjöf heildarinnar við hverja spurningu,

Yfirlit gæðagreina í grunnskólanum

Gæðagreinir	Meðaltalseinkunn
1.1. Umbótamiðað sjálfsmat	4,6
1.3. Breytingastjórnun	4,4
2.4. Einstaklingsmiðun	4,9
3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	5,2
Meðaltalseinkunn úr öllum þáttum	4,8

Gæðagreinir 3.3. Sköpun og leikni var unninn á leikskólanum. Meðaleinkunn úr þeim gæðagreini var 3,5. Styrkleiki er að börnin fá nægan tíma til að vinna og ekki er rekið á eftir þeim. Veikleiki er að

lokaafurð hefur of mikið gildi í stað sköpunar hvers einstaklings. Endurskoða þarf hvort gæðagreinarnir fyrir leikskóla eru heppilegasta matstækið. .

Hér fyrir neðan má sjá þá áætlun sem gert var ráð fyrir að vinna eftir þetta skólaár eða fram til vors 2022, bæði innra og ytra mat. Þeir þættir sem þarna eru tilteknir fyrir skólaárið 2020--2021 voru unnir. Skólanámskrár beggja skóla voru endurskoðaðar 2019-20 og eru þær á heimasíðu. Stjórnunar þátturinn var metinn með gæðagreiini 1.3. fyrir grunnskóla. Starfsmannasamtöl voru tekin. Rýnt var í niðurstöður samræmdra prófa, orðarúnar og lesferils.

	2018- 2019	2019- 2020	2020- 2021	2021- 2022
Haustönn	Skólanámskrá klára gerð hennar Starfsandi innan stofnunnarinnar Námsmat Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk	Ytri tengsl Skólapúlsinn Stjórnun Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk	Einkenni stofnunar staða samfélaginu Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf 4.- 7.bekk	og Nám og kennsla í Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.- 7.bekk

Vorönn	Skólanámskrá klára gerð hennar	Samantekt og mat á árangri skólastarfsins	Stefna og markmið	Skólapúlsinn
	Starfsandi innan	Skólapúlsinn	Skólapúlsinn	Samræmd próf í 9. bekk
	stofnunnarinnar	Samræmd próf í 9. bekk	Samræmd próf í 9. bekk	Skólapúlsinn
	Námsmat	Skólapúlsinn	Skólapúlsinn	Orðarún
	Samræmd próf í 9. bekk	Orðarún	Orðarún	Lesferill
	Skólapúlsinn	Lesferill	Lesferill	
	Orðarún			
	Lesferill			

Starfsmannasamtöl voru tekin að vori og náðu flestir starfsmenn leik- og grunnskóla að mæta. Starfsmenn hittust einu sinni utan vinnutíma og borðuðu saman og skemmtu sér. Starfsmenn grunnskólans fóru í vorferð ásamt starfsmönnum Grunnskóla Þingeyrar til Hesteyrar, sigling með Vesturferðum. ganga um þorpið með leiðsögn og borðað í Læknishúsinu. Svigrúm fyrir starfsmenn leikskóla til að sækja endurmenntun hefur breyst með tilkomu lengri undirbúningstíma og er ekki eins auðvelt að leysa hjá þeim sem eiga aðeins tvo tíma á viku en auðveldara hjá þeim sem hafa leyfisbréf og eiga sjö tíma á viku. Niðurstöður starfsmannasamtala sýna almennt góða líðan og ánægju á vinnustaðnum. Helstu áskoranir starfsmanna leikskólans eru tungumálið.

Kannanir meðal starfsmanna og foreldra voru ekki gerðar í vetur. Slíkar kannanir eru erfiðar í framkvæmd í fámenni svo ekki sé um rekjanleika að ræða en þarf eigi að síður að finna lausn á framkvæmd. Síðast var gerð könnun meðal foreldra á leikskólanum skólaárið 2019-20 og hefur verið unnið í því sem þá þótti ábótavant, þ.e. hlutfall leikskólakennara hefur aukist og upplýsingamiðlun til foreldra var bætt með tilkomu Karellen og sendir reglulegir póstar.

Samræmd próf

Nemendur 4. bekkjar þreyttu samræmd próf í stærðfræði og íslensku í september. Engir nemendur voru í 7. bekk þetta skólaár. Vegna mistaka af hálfu Menntamálastofnunar við fyrirlögn samræmdra prófa í 9. bekk voru þau próf ekki þreytt. Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði sýnir að hann hefur verið að aukast í báðum fögum. Árangur í stærðfræði hefur verið betri en í íslensku og hefur legið við landsmeðaltal frá 2007. Árangur í íslensku hefur aukist töluvert frá 2014-2019 og mældist rétt yfir meðaltali. Of fáir og of fámennir árgangar hafa tekið samræmda prófið í 9 bekk á Flateyri til að birta niðurstöður. Kennarar hafa rýnt í niðurstöður prófanna og nýtt til að finna hvar styrkleikar og veikleikar liggja.

Einng er rýnt í niðurstöður lesfimiprófa sem tekin eru reglulega og viðeingand átök tekin til að bæta árangur.

Unnið var að umbótum vegna ytra mats sem starfsmenn Menntamálastofnunar unnu á skólunum vorið 2019. Greinargerðum hefur verið skilað reglulega og þeirri síðustu um miðjan júlí 2021. Vel gengur að vinna að þeim markmiðum sem hafa verið sett.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Grunnskóla Önundarfjarðar gerði ráð fyrir rúmlega 73 milljónum króna en heildarniðurstaða varð um 70 milljónir króna. Þar var afgangur upp á 2,8 milljónir króna.

Á Grænagarði var áætlun upp á tæpar 43 milljónir en áætlun fór 14,7 milljónir fram úr sem skrifast að langmestu leyti á launakostnað og vanáætlun í launaáætlun vegna launatengdra gjalda. Til stóð að gera viðauka vegna aukins stöðugildis og ráðningar leikskólakennara en hann var ekki gerður og skýrir það um helming þessa umfram kostnaðar. Heildarfjármagn áætlað til fræðslumála á Flateyri voru 116.410.833 en heildarkostnaður endaði í 128.339.945, mismunur 11.929.062. Nánari upplýsingar um fjárhagsáætlun má finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Framkvæmdir

Skólalóð grunnskólans var tekin í gegn haustið 2018 og allflest leiktæki endurnýjuð. Settar voru gúmmímottur undir öll tækin. Gróðurkössum var komið fyrir á skólalóðinni auk tveggja geymsluskúra. Enn hefur ekki verið lokið við málningarvinnu á ramma sem var sagaður þegar ný hurð út á leiksvæðið var sett. Göngustígar á leiksvæðinu eru ófrágengnir en þá átti að malbika. Verkmenntastofa á neðri hæð er illa farin og þarfnast endurnýjunar. Útveggir eru mjög sprungnir og kemur fyrir að þar lekur inn.

Þörf er orðin á að mála í starfsmannaaðstöðu á efri hæð; skrifstofu skólastjóra, kennaraherbergi, eldhús og hol. Grunnskólahúsið þarf að mála að utan, bæði veggi og þak. Þakrennur eru ryðgaðar í göt og lekur vatn niður við aðalinnganginn svo það þarfnast lagfæringa. Þessi kafli hér á undan er óbreyttur úr skýrslu frá skólaárinu 2018- 2019 þar sem ekkert af ofantöldu hefur komist í framkvæmd. Skólastjóri fékk nemendur vinnuskóla til að bera á leiktæki á skólalóð og stendur sú vinna yfir og verður kláruð í haust ef ekki næst að klára í sumar. Starfsmenn áhaldahúss eru að vinna í að laga skemmdir á leiktækjum og klárast það vonandi fyrir haustið. Búið er að skipta um spjöld og laga körfur á körfuboltavellinum og til stendur að mála línur á hann í sumar.

Skoða þarf allar lagnir í grunnskólanum og er það verk komið í gang en ennþá eru ofnar að gefa sig vegna tæringar. Það þarf að finna út hvað veldur. Útbúa þyrfti almennilega ræstikompu á neðri hæð. Úttekt slökkviliðs á leik og grunnskóla var gerð vorið 2020. Slökkvitæki beggja skóla voru yfirfarin. Á Grænagarði eru gólfefnin mjög illa farin en þau verða bónuð í sumarlokun. Huga þarf að skiptum á gólfefnum leikskólans. Mjög aðkallandi er orðið að mála leikskólann að innan. Eitthvað var dyttað að gluggum í vetur og komið í veg fyrir leka. Útidyr eru orðnar lélegar. Setja þarf snjóstoppara á þak hússins þar sem það er hátt og bratt og mikill snjór hrynur af þakinu með tilheyrandi skemmdum á þakrennum og hættu fyrir börn sem eru úti í leik.

Tími er kominn á endurnýjun á mörgu á leikskólanum. Ný borð og stólar fyrir nemendur voru tekin í notkun í byrjun skólaárs. Búið er að panta nýja kennarastóla sem verða komnir í ágúst. Klára þarf að endurnýja borðbúnað.

Aðkeypt þjónusta

Skólarnir fá sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómsundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Talmeinaþjónusta er í gegnum Tröppu. Þjónusta iðnaðarmanan hefur verið keypt í smærri verk. Túlkþjónusta er keypt eftir þörfum.

Hér lýkur þessari yfirferð um skólastarf á Flateyri skólaárið 2020- 2021.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri